

869. fundur stjórnar GSÍ, 10. nóvember 2015, kl.17:00 haldinn á skrifstofu GSÍ, Íþróttamiðstöðinni í Laugardal.

Mættir voru: Haukur Örn Birgisson, Eggert Ágúst Sverrisson, Theódór Kristjánsson, Bergsteinn Hjörleifsson, Kristín Guðmundsdóttir, Bergþóra Sigmundsdóttir, Gylfi Kristinsson, Gunnar Gunnarsson, Rósa Jónsdóttir og Jón Júlíus Karlsson. Þá sat fundinn Hörður Þorsteinsson framkvæmdastjóri og skráði jafnframt fundargerð.

1. Fundargerðir

Fundargerð frá 10. nóvember sl. samþykkt og undirrituð.

2. Dagskrá golfþings

Lagt fram kynningarbréf til golfklúbba sem sent var golfklúbbum 5. nóvember s.l. þar sem kynnt er endanleg dagskrá þingsins þann 21. nóvember n.k. og málstofu sem fram fer deginum á undan um framtíð golfíþróttarinnar.

Málþingið hefst kl. 17:00 og verður rætt um fyrirtækjklúbba í fyrrihluta þingsins og eftir kaffihlé mun Ludewijk M. Klootwijk framkvæmdastjóri EGCOA flytja erindi um framtíðarsýn samtaka golfvallareigenda. Í framhaldinu verða almennar umræður í umsjón Lodewijk.

Á laugardegnum 21. nóvember hefst þingið stundvíslega kl. 10:00 og verður boðið uppá morgunverð áður en þingið er sett og í þinghlé verður boðið uppá hádegismat á þingstað. Að öðru leyti er dagskrá þingsins samkvæmt lögum sambandsins. Forseti hefur óskað eftir því við Júlíus Rafnsson, fyrrverandi forseti GSÍ, að gera megi tillögu um hann sem þingforseta og hefur hann samþykkt það.

3. Gögn þingsins

Framkvæmdastjóri lagði fram þau gögn sem send voru klúbbunum í aðdraganda golfþings og samþykkt hefur verið í stjórn að lögð skulu fyrir þingið. Um er að ræða lagabreytingar, tillögur að breytingum á Eimskipsmótaröðinni, ályktun um tölvumál og frikort GSÍ. Þá hafa borist tillögur frá Golfklúbbnum í Brautarholti um frikortin og breytingar á forgjafarkerfi EGA.

4. Fjárhagsáætlun 2016

Kristín lagði fram tillögu um fjárhagsáætlun 2016 og gerði grein fyrir henni ásamt framkvæmdastjóra. Í tillögunum er gert ráð fyrir að félagagjaldið verði hækkað um rúm 9% í kr.4.800 og gjaldið hækki á árinu 2017 sem nemur verðlagshækkunum.

Gert er ráð fyrir töluverðri hækkun veltu hjá sambandinu og lagt upp með að reynt verði að auka tekjur af samstarfsaðilum auk aukinna tekna af félagagjöldum. Samþykkt að leggja fjárhagsáætlunina fyrir árið 2016 fram í samræmi við framkomna tillögu.

5. Starfslok framkvæmdastjóra

Framkvæmdastjóri vék af fundi. Forseti gerði grein fyrir starfslokasamningi við fráfarað framkvæmdastóra, sem forseta var falið að ganga frá fyrir hönd stjórnar. Forseti upplýsti stjórn um að drög samningsins hafi einnig

verið kynnt fyrir fjárhagsnefnd, sem hafi samþykkt samningsdrögin. Að lokinn kynningu og umræðum var samningurinn samþykktur af stjórn sambandsins.

6. Önnur mál

Framkvæmdastjóri tók aftur þátt í fundarstörfum. Forseti þakkaði stjórnarmönnum fyrir samstarfið á liðnum árum þar sem þetta var síðasti stjórnarfundur þessarar stjórnar á tímabilinu.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl.19:10.